

Borgarstjórn
20. júní 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að þjónusta mötuneyta við eldri borgara skerðist ekki vegna sumarlokana

Borgarstjórn samþykkir að mötuneytisþjónusta við eldri borgara skerðist ekki vegna sumarlokana nú í sumar.

Greinargerð:

Tilkynning hefur borist öldruðum einstaklingum sem borða í mötuneyti félagsmiðstöðvarinnar í Hæðargarði að mötuneytinu verði lokað í júlí vegna sparnaðar Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að borgarstjórn leggist gegn sumarlokunum á grunnþjónustu sem þessari í ljósi þess að afleiðingarnar geta verið alvarlegar. Aðgangur að mötuneyti tryggir fjölbreytni í matarræði og næringu, stuðlar að sjálfstæði, sjálfsvirðingu og gerir mörgum kleift að búa í eigin húsnæði. Ferðir í mötuneyti gefa mörgum öldruðum ástæðu til að fara út úr húsi, stuðlar að virkni og því að eiga félagslegt samneyti við aðra. Erfitt er fyrir marga að fást við breytingar og það að geta áfram sótt þjónustu í umhverfi sem fólk þekkir veitir fólki öryggi.